

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1273/2020, um stuðning við garðyrkju.

1. gr.

28. gr. reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Þróunarverkefni og styrkir vegna kolefnishlutleysis í garðyrkju.

Fjármunum vegna þróunarverkefna er ætlað að styðja við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í garðyrkju.

Fjármunum vegna kolefnishlutleysis er ætlað að styðja við verkefni sem geti stuðlað að kolefnishlutleysi í garðyrkju samanber þau markmið sem fram koma í 2. gr. samkomulags um breytingar á samingi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 14. maí 2020.

2. gr.

29. gr. reglugerðarinnar breytist og orðast svo:

Fagráð skulu setja sér verklagsreglur um mat á umsóknum um þróunarfé og styrki vegna kolefnishlutleysis. Í reglunum er heimilt að kveða á um hámarkshlutfall hvors styrkjaflokks af heildarkostnaði hvers verkefnis sem talið er styrkhæft.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. reglugerðarinnar:

- Orðið „einum“ í 5. ml. 4. mgr. fellur niður og í stað þess kemur: fjórðungi.
- Í stað „1-30 ha“ í fyrsta og öðrum dálk í töflu kemur: 0,25-30 ha.

4. gr.

36. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvörulögum nr. 99/1993. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 18. júní 2024.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Elisabet Anna Jónsdóttir.